Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2017
R16110062
4400

Borgarráð

***Skólalóð Húsaskóla***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði verði falin áframhaldandi vinna við hönnun og endurgerð skólalóðar Húsaskóla auk þess að kanna hvort að flýta megi gerð battavallar við skólann.

Greinargerð:

Meðfylgjandi erindi varðandi battavöll við Húsaskóla, dags. 25. sept. sl., og erindi varðandi endurgerð á skólalóð Húsaskóla, dags. 27. sept. sl., voru falin skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar þann 6. des. sl. Fyrir liggja drög að fyrstu hugmyndum landslagsarkitekts að heildarendurnýjun lóðar Húsaskóla. Einnig liggur fyrir að skipt verður um möl, settar gúmmimottur við rólur, komið fyrir klifurgrind á leikvellinum, auk annarra leiktækja. Með vísan til framangreindra erinda um endurgerð skólalóðar Húsaskóla og battavöll við skólannn er umhverfis- og skipulagssviði falið að halda áfram vinnu við hönnun verksins. Gert verði ráð fyrir battavelli í hönnuninni, sbr. umsögn sviðsins dags. 30 október sl. Þá verði kannað hvort flýta megi þeim verkþætti sem snýr að gerð battavallarins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Bréf nemenda Húsaskóla, dags. 25. sept. 2017.
Bréf nemendaráðs Húsaskóla, dags. 27. sept. 2017.

Grafarvogur 25. september 2017

Málsnr.: R16110062
Skjalasafn Ráðhúss
28. sep. 2017
Bréfalykill: 4400

Kæri Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Ég er strákur í 3. bekk í Húsaskóla. Það skemmtilegasta sem ég geri er að spila fótbolta. Mér finnst mjög skrýtið og óréttlátt að Húsaskóli sé eini skólinn í Grafarvogi þar sem ekki er Battavöllur. Það hafa orðið slys þegar krakkarnir spila fótbolta og um daginn fékk strákur í skólanum heilahristing þegar hann datt. Ég og skólafélagar mínir óskum okkur þess að þú látir setja Battavöll á skólalóðina okkar sem fyrst.

Kær kveðja, Baldur Hrafn Einarsson

Álfur Eygló Íris
Helga María Dilja Harpa Júlía
Hinrik Ida María J Jakob
Margrét Katla Jóna Eiríkur
Margrét Þórhildur Baldur

Reykjavíkurborg

HÚSA SKÓLI

Reykjavík, 27. september 2017

Málsnr. 21611 0062
Skjalasafn Ráðhúss
28. sep. 2017
Bréfalykill: 4400

Herra borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson

Skólalóðin í Húsaskóla

Hæ við erum nemendur í Húsaskóla og erum í nemendaráði. Á síðasta fundi ræddum við um skólalóðina og komumst að þeirri niðurstöðu að flestum í skólanum langar í battavöll, öðrum í skólanum langar til að mölin hjá ruslaskúrnum verði tekin svo það verði örruggara í boltaleiknum Yfir. Okkur langar líka til að fá gúmmímottur undir rólurnar. Við viljum líka fá klifurgrind á leikvöllinn og gott væri að losna við tréstaurana. Nemendur óska líka eftir skemmtilegri leiktækjum t.d. snúningstæki, betri og stærri kastala og klifurgrind. Að lokum körfuboltavöll með tveimur körfum svo hægt sé að spila leik.

Fyrir hönd nemendaráðsins í Húsaskóla

Ásta og Unnur

Ásta í 7. I og Unnur í 6. B.

P.s. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem yngri nemendur skólans teiknuðu.


gos brunut
annan


klifur grind

Battavöllur




Batta völlur -
Klifurgrind
AParóla
Penlbraut

Klifur tæki Það er gaman að klifra.

Kóngulóarróla Það er gaman að vera í kóngulóarrólu



